



Eftirlitshandbók

Daglegt eftirlit við slátrun alifugla - Eftirlitshandbók

Ágúst 2024



Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	2
Daglegt eftirlit.....	2
Reglubundnar úttektir	2
2. Lög og reglugerðir.....	2
3. Undirbúningur	3
3.1. Dagleg skipulagning eftirlits	3
3.2. Tíðni eftirlits	3
3.3. Kynning niðurstaðna	3
3.4. Skýrslur / skráning / vistun	3
4. Skoðun lifandi sláturfugla = ante-mortem skoðun (AM).....	3
4.1. Upplýsingar um matvælaferlið	3
4.2. Framkvæmd skoðunar á lifandi sláturfuglum (AM = ante-mortem skoðun).....	4
5. Dýravelferð, aflífun og önnur sértæk atriði.....	6
5.1. Framkvæmd.....	6
5.2. Ákvarðanir.....	8
5.3. Skráningar og vistun skjala	8
6. Skoðun eftir slátrun (PM = post-mortem skoðun)	8
6.1. Ákvarðanir varðandi sláturafurðir	9
6.2. Heilbrigðismerkingar	9
6.3. Skráningar, vistun og tilkynningar	9
7. Hollustuhátta – og hitastigseftirlit	9
7.1. Framkvæmd.....	9
7.2. Ákvarðanir.....	10
8. Sérstakt áhættuefni og aðrar aukaafurðir dýra	10
9. Prófanir á rannsóknastofu.....	10
9.1. Framkvæmd.....	10
9.2. Ákvarðanir.....	11
9.3. Skráning og vistun skjala	11
10. Sérkröfur markaðsvæða	11
10.1. Framkvæmd.....	11
11. Aðstoðarfólk.....	11
12. Heilbrigðisskoðun sláturafurða	12
12.1. Skoðun, sýnataka og mat	12



1. Inngangur

Daglegt eftirlit

Leiðbeiningarnar eru til stuðnings VLY-036 um daglegt eftirlit héraðsdýralækna/eftirlitsdýralækna (hd/ed) við slátrun á alifuglum samkvæmt EB reglugerð 2017/625 (234/2020) og afleiddum gerðum. Leiðbeiningarnar gilda um daglegt eftirlit hd/ed í alifuglaslátruhúsum. Þær taka til skoðunarverkefna samkvæmt EB reglugerð nr. 2017/625 (234/2020) 18. gr. (1) og (2).

Reglubundnar úttektir

Eftirlitshandbók fyrir matvæli úr dýraríkinu, LBE-008, fjallar um reglubundnar úttektir Matvælastofnunar á hollustuháttum við framleiðslu matvæla.

Breytingar frá síðustu útgáfu

2023

- Heiti breytt úr skoðunarhandbók í eftirlitshandbók.
- Titli skoðunarmanns breytt í eftirlitsmann.

2. Lög og reglugerðir

Lög nr. 93/1995 um matvæli

Lög nr. 144/2019 um breytingu á ýmsum lögum um matvæli (einföldun regluverks og EES-reglur)

Reglugerð nr. 449/2012 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 461/2003 um slátrun og meðferð sláturafurða

Reglugerð nr. 2017/625/EB (234/2020) um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi

Reglugerð nr. 2019/627/EB (483/2020) um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu, sem eru ætlaðar til manneldis

Reglugerð nr. 2019/624/EB (515/2020) um sértækar reglur um framkvæmd opinbers eftirlits með framleiðslu á kjöti

Reglugerð nr. 2073/2005/EB (135/2010) um örverufræðileg viðmið fyrir matvæli

Reglugerð nr. 1069/2009/EB (674/2017) um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis

Reglugerð nr. 1099/2009/EB ([911/2012](#)) um vernd dýra við aflifun

Reglugerð nr. 30/2012 um eftirlit með efnaleifum í afurðum dýra

Reglugerð nr. 52/2014 um tilkynningarskylda dýrasjúkdóma

Reglugerð nr. 527/2017 um velferð dýra í flutningi



Reglugerð nr. 135/2015 um velferð alifugla

Vitnað er í EB númer reglugerðanna í leiðbeiningunum.

3. Undirbúningur

3.1. Dagleg skipulagning eftirlits

Hd/ed fær hjá sláturleyfishafa upplýsingar um og kynnir sér sláturáætlun dagsins, hverju á að slátra, fjölda sláturfugla, fjölda sláturhópa, tegund og aldur þeirra og hvort einhver sérstök frávik eru eins og salmonellu- eða kamfýlóbaktermengaðir hópar, slasaðir fuglar eða annað sem krefst sérstakrar skoðunar. Á grundvelli þessara upplýsinga skipuleggur hann eftirlit fyrir daginn, hvaða skoðunarverkefnum skuli sinna og hvernig, og skráir í viðeigandi reiti á gátlistum um daglegt eftirlit. Gátlistarnir eru aðgengilegir á innri vef Matvælastofnunar undir flípanum 'Stoðskjöl'.

3.2. Tíðni eftirlits

Sumum skoðunarverkefnum, sbr. gátlista um daglegt eftirlit, þarf að sinna á hverjum sláturdegi en öðrum sjaldnar. Hd/ed tekur ákvörðun um tíðni eftirlits vegna hollustuhátta og hitastigseftirlits sem er byggt á virkni innra eftirlits sláturleyfishafa. Slíkt eftirlit skal að lágmarki fara fram 1 x í viku.

3.3. Kynning niðurstaðna

Hd/ed staðfestir niðurstöður úr eftirliti með því að árita skráningarblöð sláturleyfishafa og fyllir út daglega skýrslu á gátlista um daglegt eftirlit í alifuglasláturhúsi (til á íslensku og ensku á innri vef/stoðskjöl) og frávikaskýrslu (einnig á innri vef), ef við á. Öll frávik dagsins eru skráð í samræmi við leiðbeiningar um viðbrögð við frávikum í daglegu eftirliti í sláturhúsum LBE-166/LBE-173.

3.4. Skýrslur / skráning / vistun

Leiðbeiningar varðandi skýrslur, skráningar og vistun eru í hverjum kafla.

4. Skoðun lifandi sláturfugla = ante-mortem skoðun (AM)

4.1. Upplýsingar um matvælaferlið

Reglugerð EB 2019/627 7. gr. (2), 9. gr. (1) og (2), 10. gr. (1), 40. gr. (1), (2) og (3), 41. gr. (1), (2) og (3), 42. gr. (1) og (2).

4.1.1. Framkvæmd

Hd/ed tekur mið af opinberum vottorðum s.s. niðurstöðum eldissýna og yfirlýsingum sem fylgja fuglunum og vottunum sjálfstæðs þriðja aðila við ante- og post-mortem skoðun. Eldissýni mega við slátrun sláturhóps vera að hámarki 21 daga gömul hvað varðar salmonellusýni en 5 daga gömul er varðar kamfýlóbakttersýni, eigi að dreifa afurðum alifuglahópsins ófrystum eða óhitameðhöndluðum.

Hd/ed kanna hvort fyrir liggja eftirfarandi upplýsingar í yfirlýsingu forráðamanns:

- a. Yfirlýsing varðandi heilbrigði sláturfugla, upplýsingar um lyfjagjöf sem varða afurðanýtingu, niðurstöður reglugerðabundinnar sýnatöku vegna salmonellu og kamfýlóbakter og opinberar flutningstakmarkanir t.d. vegna smitsjúkdóma dýra eða aðskotaefna.
- b. Hvort sláturleyfishafi hafi sannreynt ofangreindar upplýsingar.

4.1.2. Ákvarðanir varðandi upplýsingar um matvælaferlið

Reglugerð EB 2019/627 7. gr. (2) gr. 40, 41 og 42.

- a. Óheimilt er að slátra fuglum nema sláturleyfishafi hafi mótttekið og skoðað viðeigandi matvælaferlisupplýsingar, sbr. 4.1. Hd/ed getur heimilað slátrun þó upplýsingar vanti enda sé sláturhópi og afurðum hans og annarra hópa sem gætu hafa mengast haldið aðskildum frá öðrum afurðum. Endanlegt mat á hvort afurðir eru hæfar til manneldis skal gert þegar niðurstöður viðeigandi rannsókna liggja fyrir.
- b. Ef fylgiskjöl, gögn eða aðrar upplýsingar leiða í ljós:
 1. að í gildi sé flutningsbann eða aðrar takmarkanir á sláturdýrunum
 2. brot á reglum um notkun dýrallyfja eða
 3. eitthvað annað ástand skaðlegt fyrir heilbrigði manna eða dýra,

Þá er óheimilt að samþykkja hópinn til slátrunar. Sé hópurinn kominn í sláturhús skal honum slátrað í lok sláturdags aðskildum frá öðrum hópum og afurðir dæmdar óhæfar til manneldis.

4.1.3. Skráning, vistun og tilkynningar

Hd/ed merkir við á dagskýrslu undir lið 4 að eftirlit (matvælaferlisupplýsingar) hafi farið fram. Ef frávik koma í ljós skal fylgja leiðbeiningum um viðbrögð við frávikum í daglegu eftirliti í sláturhúsum LBE-166/LBE-173.

Dagskýrslur (gátlistar) skulu vistaðar á skrifstofu hd/ed í sláturhúsi, í möppu merktri „Dagskýrslur“ eða á rafrænu formi í möppu merktri „Dagskýrslur“ í tölvu hd/ed í sláturhúsi. Frávikaskýrslur skulu vistaðar í málakerfi MAST sbr. LBE-166 (LBE-173 á ensku) og LBE-167.

Hd/ed tilkynnir sláturleyfishafa, innleggjanda og aðalskrifstofu MAST ef skoðun leiðir í ljós grun um sjúkdóm sem fellur undir „Viðbragðsáætlun vegna dýrasjúkdóma“. Viðbragðsáætlunin er vistuð á heimasíðu MAST. Nota skal viðeigandi stuðningsskjöl sem talin eru upp í viðbragðsáætluninni.

Afrit eyðublaða tengdum viðbragðsáætlun um dýrasjúkdóma eru vistuð í málakerfi MAST. Við-teymið sem skilgreint er í viðbragðsáætluninni metur hvort þörf er á að virkja hana.

4.2. Framkvæmd skoðunar á lifandi sláturfuglum (AM = ante-mortem skoðun)

Reglugerð EB 2017/625 gr. 1 (d) og 18 (1) og (2a), Reglugerð EB 2019/627 gr. 10, 11 og 43 og Reglugerð EB 2019/624 gr. 1, 3, 4, 5 og 6. Reglugerð EB 1099/2009 3. gr. og viðaukar I, II og III. Reglugerð 527/2017 5. gr. og viðauki I.

4.2.1. Framkvæmd

Hd/ed skal skoða fugla fyrir slátrun innan 24 klst. frá komu í sláturhús og innan 24 klst. fyrir slátrun. Einkum skal skoða hvort:

- a. Reglur um rekjanleikanúmer alifugla séu uppfylltar. Athuga skal hvort í móttökurými séu gerð skil milli alifuglahópa með mismunandi rekjanleikanúmer, sé slátrað fleirum en einum hópi sama daginn. Hafa skal auga með því hvort hugsanlega séu í móttöku alifuglahópar sem eru með sitt hvort rekjanleikanúmerið þótt einungis hafi verið tilkynnt um eitt númer.
- Reglum um dýravelferð sé fylgt, s.s. velferð og líðan fugla í búrum. Hvort loftræsting sé hæfileg. Skoða skal þéttleika fugla í búrum, hvort fuglar eru fastir, hafi troðist undir eða liggja á bakinu. Þéttleiki fugla í búrum miðast við Viðauka II E reglugerðar 527/2017 um velferð dýra í flutningi. Samkvæmt Viðauka II E skal lágmarksgólfloður flutningarýmis fyrir alifugla miðað við líffunga vera:

< 1,6 kg: 180-200 cm ² /kg	3 til 5 kg: 115 cm ² /kg
1,6 til 3 kg: 160 cm ² /kg	> 5 kg: 105 cm ² /kg

Ofangreindar tölur eru til leiðbeiningar og taka ber tillit til annarra þátta en stærðar og/eða vigtar sláturfugla, svo sem heilsufarslegs ástands þeirra, veðráttu og flutningstíma. Fylgjast skal með velferð sláturfuglanna við upphengingu og athuga hvort vísbendingar eru um slæma meðferð við tínslu s.s. mar og beinbrot. Oftast er betra að sjá mar og beinbrot á sláturfugli þegar hann er kominn úr móttökusal yfir í sali þar sem lýsing er betri.

- b. Sláturfuglar virðist heilbrigðir og leggja megináherslu á greiningu mannsmitanlegra sjúkdóma (súna) og tilkynningaskyldra dýrasjúkdóma. Hd/ed skal leita upplýsinga hjá sláturhússtjóra varðandi ástand dýra við móttöku.
- c. Hreinleiki sláturfugla er viðunandi og leitar upplýsinga hjá sláturhússtjóra ef sláturfuglar eru óhreinir. Oftast er betra að skoða hreinleika fugla þegar þeir eru komnir úr móttökusal yfir í sali þar sem lýsing er betri.
- d. Eftirlit með velferð í flutningi og móttöku er skv. Excel-skjalinu „Ártal – Nafn sláturhúss – Eftirlit í sláturhúsum ártal“ (SKRA-141). Skoða skal m.a. hvort sláturfuglar hafi drepist í flutningi til sláturhúss (DOA%). Virðast afföll mikil skal, að lokinni slátrun óska eftir upplýsingum um fjölda dauðra fugla og kanna ástæður affallanna. Viðmiðunargildi DOA% og fleiri velferðarþátta endurskoðast árlega og eru aðgengileg í Excel-skjalinu.
- e. Búr séu heil svo þau valdi ekki slysum á fugli. Fylgjast skal með því að biluð búr séu tekin frá og gert við þau. Auk þess skal fylgjast með því að þrif og sótthreinsun á flutningsbúrum sé fullnægjandi, þau hrein og án saurmengunar.
- f. Biðtími lifandi fugla í sláturhúsi sé skv. reglugerð (1099/2009/EB)

4.2.2. Ákvarðanir varðandi lifandi dýr

- a. Reglugerð EB 2017/625 gr. 1, (2d) og 18 (1 og (2vi)). Þar sem ekki er hægt að sannreyna rekjanleikanúmer fuglahóps með vissu skal aflífa allan hópinn aðskilið frá öðrum hópum og hann dæmdur óhæfur til manneldis.
- b. Óheimilt er að slátra og nýta fugla til manneldis sýni þeir klínísk sjúkdómseinkenni. Heimilt er að slátra þessum fuglum á sláturlínu að annarri slátrun lokinni enda séu gerðar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsvaldandi lífvera og starfsstöðin hreinsuð og sótthreinsuð þegar í stað eftir slátrun.
- c. Fresta skal slátrun á fuglum sem grunur leikur á að séu með sjúkdóm eða í slíku ástandi að það geti haft áhrif á heilbrigði manna eða dýra. Þá skal skoða nákvæmlega og hugsanlega taka sýni til frekari greiningar eftir slátrun. Fuglum skal slátra aðskilið frá öðrum fuglum eða í lok vinnudags með nauðsynlegum varúðarráðstöfunum varðandi smitdreifingu.
- d. Viðkomandi hd/ed ákveður skilyrði varðandi slátranir vegna tiltekinna sjúkdóma og súna eins og salmonellu í samráði við sérgreinadýralækna.
- e. Fuglar sem kunna að innhalda leifar dýralýfja umfram leyfileg mörk eða leifar bannaðra efna skal farið með samkvæmt ákvæðum í reglugerð nr. 30/2012 um eftirlit með efnaleifum í afurðum dýra og ráðstafað samkvæmt reglugerð nr. 674/2017 (1069/2009/EB) um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki er ætlaðar til manneldis.

- f. Hd/ed getur í undantekningatilvikum, t.d. vegna alvarlegrar bilunar á tækjabúnaði, ákveðið að fuglar séu fluttir beint í annað sláturhús.
- g. Hd/ed skal ganga úr skugga um að stjórnandi sláturhúss geri nauðsynlegar úrbætur ef reglur um dýravelferð eru brotnar. Hann skal grípa til hlutfallsbundinna og stigvaxandi þvingunaraðgerða sem felast í endurþjálfun, leiðbeiningum og fræðslu starfsmanna, að hægja á slátrun eða stöðva hana allt eftir eðli og alvöru málsins.
- h. Hd /ed skal gera viðeigandi ráðstafanir ef reglur um velferð dýra í flutningum eru brotnar.

4.2.3. Skráning, vistun og tilkynningar

Hd/ed merkir við á dagskýrslu undir lið 4 að eftirlit (AM skoðun) hafi farið fram. Einnig fyllir hd/ed út í skjalið „Ártal – Nafn sláturhúss – Eftirlit í sláturhúsum daglegt ártal“. Ef frávik koma í ljós skal fylgja leiðbeiningum um viðbrögð við frávikum í daglegu eftirliti í sláturhúsum LBE-166/LBE-173.

Dagskýrslur (gátlistar) skulu vistaðar á skrifstofu hd/ed í sláturhúsi, í möppu merktri „Dagskýrslur“ eða á rafrænu formi í möppu merktri „Dagskýrslur“ í tölvu hd/ed í sláturhúsi. Frávikaskýrslur skulu vistaðar í málakerfi MAST sbr. LBE-166 (LBE-173 á ensku) og LBE-167. Skjalið „Ártal – Nafn sláturhúss – Eftirlit í sláturhúsum daglegt ártal“ er vistað á OneDrive. Hd/ed tilkynnir sláturleyfishafa, innleggjanda og aðalskrifstofu MAST ef skoðun leiðir í ljós grun um sjúkdóm sem fellur undir „Viðbragðsáætlun vegna dýrasjúkdóma“. Viðbragðsáætlunin er vistuð á heimasíðu MAST. Nota skal viðeigandi stuðningsskjöl sem talin eru upp í viðbragðsáætluninni.

Afrit eyðublaða tengdum viðbragðsáætlun um dýrasjúkdóma er vistuð í málakerfi MAST. Við-teymið sem skilgreint er í viðbragðsáætluninni metur hvort þörf er á að virkja hana.

5. Dýravelferð, aflifun og önnur sértæk atriði

Reglugerð nr. EB 1099/2009/EB (911/2012) um vernd dýra við aflifun.

5.1. Framkvæmd

Hd/ed skal reglulega hafa eftirlit með aflifun sláturfugla og að þeir séu deyfðir fyrir stungu. Hafa skal eftirlit með:

- a. Upphengingu.
 - 1. Fylgjast skal með að upphenging sé gerð þannig að hún valdi sem minnstum óþægindum fyrir fuglinn. Ekki skal setja fugla í upphengjur ef þeir eru of smávxanir fyrir vatnsbaðið eða ef upphengjur eru líklegar til að valda sársauka eða auka sársauka (sýnilega særð dýr). Í slíkum tilvikum skulu þeir aflífaðir með annarri aðferð.
 - 2. Upphengjur skulu vera blautar. Fuglar skulu hengdir upp á báðum fótleggjum. Gæta skal að tími í upphengjum áður en fuglinn fer í vatnsbað fari ekki yfir 1 mínútu. Þegar um kalkúna er að ræða skulu fuglarnir ekki hanga meira en 2 mínútur.
 - 3. Nota skal búnað sem er í snertingu við bringu fuglanna frá því þeir eru hengdir upp og alveg að vatnsbaði, til að róa fuglana (bringuslá).
- b. Deyfingu og þar með talið rotara.
 - 1. Fylgjast skal með því að stillingar á tíðni (Herz-Hz), spennu (Volt-V) og straumi (Amper-A) rotara séu réttar og gefi fullnægjandi deyfingu. Stillingar eru háðar gerð rotara, þ.e. hvort um hátíðni- eða lágtíðnirotara (< 50Hz) er að ræða. Athugið að deila þarf í aflesin gildi með fjölda fugla í vatnsbaði hverju sinni.
Lágmarksgildi RMS straums (mA/fugl) í vatnsbaði rotara *:

Tíðni (Hz)	Kjúklingar (mA/kjúkling)	Kalkúnar (mA/kalkún)
Að 200 Hz	100	250
200 til 400 Hz	150	400
400 til 1500 Hz	200	400

*Reglugerð 1099/2009/EB (911/2012) I. Viðauki, II. kafli Tafla 2

Spennan sem er til staðar í vatnsbaðinu skal vera nægileg til að fá fram ofan nefndan straum fyrir hvern fugl í því.

- Fylgjast skal með rennsli vatns í rotara. Ekki er æskilegt að sírennsli í vatnsbaði rotara sé meira en tapast út með fuglinum þar sem við það minnkar leiðni (óhreint vatn=betri leiðni). Etv. getur verið þörf á að bæta salti í vatnsbaðið í upphafi slátrunar og eftir hlé til að auka leiðni.
- Fylgjast skal með hæð rotara og vatnsyfirborði í vatnsbaði. Mikilvægt er að hæð rotara sé rétt og að yfirborð vatns í vatnsbaðinu sé nægilega hátt til að fuglinn dýfist í vatnið upp að vængrótum við deyfingu.
- Fylgjast skal með því hvort fugl fái rafstuð (pre-stun shock) fyrir deyfingu (rafeinangruð skábraut við inngang og hindrað sé að vatn flæði yfir).
- Fylgjast skal með hversu langan tíma fuglinn er í vatnsbaði rotara. Fuglinn skal að lágmarki vera 4 sekúndur í vatnsbaði lágtíðni rotara en 8 sekúndur í vatnsbaði hátíðni rotara (The welfare of poultry at slaughter or killing, DEFRA).
- Fylgjast skal með virkni deyfingar. Þetta má t.d. gera með því að skoða hornhimnuviðbrögð, öndunarhreyfingar á endarmssvæði, hálsreigingu og vængjaslátt a.m.k. 100 fugla fyrir hálsskurð.
- Fylgjast skal með að tímalengd milli deyfingar og hálsskurðar sé skv. leiðbeiningum framleiðanda. Viðmiðið er að þessi tími sé ekki lengri en 10-15 sekúndur (Welfare aspect of animal stunning and killing methods (EFSA AHAW/04-027)).

c. Blóðgun.

- Fylgjast skal með vinnubrögðum hálsskurðarmanns eða eftirlitsmanns með hálsskurðarhníf og tryggja að hálsskurður sé viðunandi. M.a. skal skoða fjölda af óblæddum eða illa blæddum fugli sem tekinn hefur verið af línu. Kanna skal ástæðu fyrir óblæddum og/eða illa blæddum fugli.
- Skoða skal gæði hálsskurðar. Ásættanlegt er að einungis önnur a. carotis sé skorin þegar um lágtíðnirotara (< 50Hz) er að ræða. Þó er betra að a. carotis séu skornar beggja megin og skal það vera svo þegar um hátíðnirotara er að ræða.
- Fylgjast skal með lífsmörkum hjá fuglum fyrir kalóneringu. Þetta má gera með því að skoða hornhimnuviðbrögð a.m.k. 100 fugla fyrir kalóneringu.

d. Skoða skal fugla að lokinni kalóneringu og reytingu m.t.t. velferðarpátta. Skoða skal fugla m.t.t. holdafars, áverka (mar/beinbrot/rispur og klór á ham), fótabruna (dritbruna) og annað ef tilefni er til. Alvarleg tilfelli tilkynnist á eyðublaði EBL-075 sem nálgast má á innri vef MAST (innri.mast.is).

e. Tækjabúnaði, þ.e. að hann sé rétt stilltur. Leiðbeiningar frá framleiðanda skulu vera aðgengilegar.

f. Viðhaldi á tækjabúnaði, þ.e. að það sé fullnægjandi og skráð.

g. Að starfsmaður sé hæfur til verksins og hafi fengið tilskilda þjálfun. Starfsmenn sem fást við lifandi dýr eða aflifun (til og með blóðgun) skulu vera handhafar hæfisskírteinis.

h. Að sláturhús sé með daglegt innra eftirlit um virkni aflifunar á nægjanlega stóru úrtaki.

i. Að dýravelferðarfulltrúi sláturhúss sé virkur og til staðar fyrir og á meðan á slátrun stendur.

Við eftirlitið skal nota gátlista fyrir daglegt eftirlit sem til eru á íslensku og ensku.

5.2. Ákvarðanir

Ef um er að ræða frávík vegna 5.1.b eða 5.1.c telst það ávallt alvarlegt frávík og krefjast skal tafarlausra úrbóta í viðkomandi frávíkaskýrslu EBL-066. Frávík á aðra liði sbr. að ofan telst almennt frávík.

Ef kröfur varðandi aflifun sláturdýra eru ekki uppfylltar skal kröfum um úrbætur fylgt eftir í samræmi við 137. og 138. gr. reglugerðar EB 2017/625. Eftirfylgni fer fram skv. LBE-166 (LBE-173 á ensku).

5.3. Skráningar og vistun skjala

Hd/ed skal skrá niðurstöður úr eftirliti í viðeigandi reiti undir lið 5 í dagskýrslu (skjöl á innri vef/stoðskjöl). Ef frávík er vegna 5.1.b, telst það alvarlegt. Önnur frávík teljast F. Ef skráð er frávík F eða alvarlegt frávík A skal skrifa frávíkaskýrslu (skjal aðgengilegt á innri vef/stoðskjöl) og skal fylgja tilmælum LBE-166/LBE-173. Einnig fyllir hd/ed út skjalið „Ártal – Nafn sláturhúss – Eftirlit í sláturhúsum daglegt ártal“.

Dagskýrslur (gátlistar) skulu vistaðar á skrifstofu hd/ed í sláturhúsi, í möppu merktri „Dagskýrslur“ eða á rafrænu formi í möppu merktri „Dagskýrslur“ í tölvu hd/ed í sláturhúsi. Frávíkaskýrslur skulu vistaðar í málakerfi MAST sbr. LBE-166 (LBE-173 á ensku) og LBE-167. Skjalið „Ártal – Nafn sláturhúss – Eftirlit í sláturhúsum daglegt ártal“ er vistað á OneDrive.

6. Skoðun eftir slátrun (PM = post-mortem skoðun)

Reglugerð 2017/625/EB gr. 1 (d) og 18 (1) og (2c), Reglugerð 2019/627/EB 12., 13., 14., 16. og 25. gr. og Reglugerð 2019/624/EB 7. og 8. gr.

Framkvæmd

- a. Allir fuglar skulu heilbrigðisskoðaðir og afurðir dæmdar eftir slátrun í samræmi við II. kafla reglugerðar EB 2019/627. Hd/ed skal sjálfur annast eftirfarandi:
 1. Heilbrigðisskoða skal alla sláturhópa og skal skoðunin fara fram eftir að innfyli eru tekin úr en áður en þau eru aðskilin frá skrokknum. Skoða skal innfyli og líkamshol úr dæmigerðu úrtaki fugla. Framkvæma skal heilbrigðisskoðun á að lágmarki 5% fugla í hverjum sláturhópi (reikniformúla: (fjöldi fugla í sláturhópi x 0,05)/hraða á sláturlínu (p.e. fjöldi fugla slátrað per mínútu) = fjöldi mínútna í heilbrigðisskoðun). Verði sjúkdómseinkenna vart við heilbrigðisskoðun sem valda því að fugli er hent skal annað jafnstórt úrtak skoðað. Sé það neikvætt er opinberri skoðun sláturhópsins hætt. Verði hins vegar sjúkdómsbreytinga áfram vart er tilgreindum starfsmanni sláturleyfishafa leiðbeint um hvað beri að taka frá. Við fyrsta tækifæri skoðar hd/ed frátekna fugla og metur hvort um óeðlilegt ástand er að ræða.
 2. Nákvæma skoðun á slembiúrtaki úr hverri framleiðslulotu fugla af sama uppruna, á hlutum fugla eða heilum fuglum sem dæmdir hafa verið óhæfir til manneldis að lokinni skoðun eftir slátrun.
 3. Hvers kyns aðrar nauðsynlegar rannsóknir ef grunur leikur á að kjöt af viðkomandi fuglum geti verið óhæft til manneldis. Leggja skal sérstaka áherslu á að greina tilkynningarskylda sjúkdóma og sjúkdóma s.s. mannsmitanlega sjúkdóma (súnur) sem stofnað geta lýðheilsu í hættu.
- b. Skoða skal hvort reglum varðandi örverufræðileg viðmið sé fylgt s.s. sýnatökum vegna salmonellu og kamfýlóbakter í sláturhúsi. Hafa skal eftirlit með að eigin sýnatökur sláturleyfishafa séu rétt gerðar og niðurstöður ásættanlegar. Kröfur má finna í viðkomandi landsáætlun.



6.1. Ákvarðanir varðandi sláturafurðir

Afurðir skal dæma samkvæmt ákvæðum í:

- Reglugerð EB 2017/625 gr. 18 (1), (2) og (4) og reglugerð EB 2019/627 gr. 12, 14, 15, 16, 25 og 45.

6.2. Heilbrigðismerkingar

Reglugerð EB 2017/625 gr. 18 (1), (2) og (4) og Reglugerð EB 2019/627 3. þáttur II. kafla III. bóls, 48. gr. og II. viðauki.

Hd/ed hefur eftirlit með heilbrigðismerkingum og skal það gert í tengslum við reglubundnar skoðanir á vinnslum tengdum alifuglasláturhúsum skv. LBE-008. Eingöngu er heimilt að heilbrigðismerkja alifuglaafurðir af fuglum sem hafa gengist undir ante- og post-mortem skoðun.

6.3. Skráningar, vistun og tilkynningar

Hd/ed merkir við á dagskýrslu (gátlistar á innri vef) undir lið 6 að eftirlit (PM) hafi farið fram. Ef frávik koma í ljós skal fylgja leiðbeiningum um viðbrögð við frávikum í daglegu eftirliti í sláturhúsum LBE-166/LBE-173.

Dagskýrslur (gátlistar) skulu vistaðar á skrifstofu hd/ed í sláturhúsi, í möppu merktri „Dagskýrslur“ eða á rafrænu formi í möppu merktri „Dagskýrslur“ í tölvu hd/ed í sláturhúsi. Frávikaskýrslur skulu vistaðar í málakerfi MAST sbr. LBE-166 (LBE-173 á ensku) og LBE-167. Eftirfylgni frávika í daglegu eftirliti í sláturhúsum skal vera í samræmi við LBE-166 (LBE-173).

Hd/ed tilkynnir sláturleyfishafa, innleggjanda og aðalskrifstofu MAST ef skoðun leiðir í ljós grun um sjúkdóm sem fellur undir „Viðbragðsáætlun vegna dýrasjúkdóma“. Viðbragðsáætlunin er vistuð á heimasíðu MAST. Nota skal viðeigandi stuðnings skjöl sem talin eru upp í viðbragðsáætluninni.

Afrit eyðublaða tengdum viðbragðsáætlun um dýrasjúkdóma eru vistuð í málakerfi MAST. Við-teymið sem skilgreint er í viðbragðsáætluninni metur hvort þörf er á að virkja hana.

7. Hollustuhátta – og hitastigseftirlit

Reglugerð EB 2019/627 3. gr. b, c og g, 7. gr. b, 12. gr., 14. gr. og 45. gr. r)

7.1. Framkvæmd

Hd/ed skal hafa reglulegt eftirlit með:

- a. Hollustuháttum fyrir, við og eftir slátrun/framleiðslu
- b. Persónulegu hreinlæti og vinnubrögðum starfsfólks
- c. Virkni vélbúnaðar og þvottaspíssa tengdum þeim
- d. Eftirliti með saurmengun og annarri sýnilegri mengun afurða
- e. Hitastigi í sóttþreinsikösum fyrir hnífa
- f. Hitastigi í kælum á sláturlínu
- g. Gæðum kalóneringar og reytingar. Hitastig kalóneringarpotts getur verið á bilinu 54-62°C háð því hversu lengi fuglinn er í pottinum. Hamur fugla skal ekki vera soðinn/brunninn eftir kalóneringu. Gæði reytingar geta bæði verið tengd stillingu reytara og kalóneringu.



Hd/ed skal beita eftirfarandi aðferðum við eftirlitið:

- Skoðun á skráningum fyrirtækisins
- Eigin skoðunum/mælingum hd/ed
- Samanburði á eigin skoðunum/mælingum og skoðunum/mælingum fyrirtækisins

Við eftirlitið skal nota gátlista fyrir daglegt eftirlit (vistuð á innri vef/stoðskjöl) þar sem fram kemur hvað á að skoða. Varðandi mat á athugasemdum skal styðjast við kafla 1.5.1. í LBE-008.

7.2. Ákvarðanir

Ef viðbrögðum við frávikum er ekki sinnt skal eftirfylgni framkvæmd skv. kafla 1.5.2 í eftirlitshandbók fyrir matvæli úr dýraríkinu, LBE-008.

7.2.1. Skráningar vistun og tilkynningar.

Hd/ed skal skrá niðurstöður úr eftirliti í viðeigandi reiti undir lið 7 í dagskýrslu (gátlistar). Nota skal sambærilegt mat og er í eftirlitshandbók (LBE-008). Ef skráð er frávik F eða alvarlegt frávik A skal skrifa frávikaskýrslu EBL-066 og skal fylgja leiðbeiningum um viðbrögð við frávikum í daglegu eftirliti í sláturhúsum LBE-166/LBE-173.

Dagskýrslur (gátlistar) skulu vistaðar á skrifstofu hd/ed í sláturhúsi, í möppu merktri „Dagskýrslur“ eða á rafrænu formi í möppu merktri „Dagskýrslur“ í tölvu hd/ed í sláturhúsi. Frávikaskýrslur skulu vistaðar í málakerfi MAST sbr. LBE-166 (LBE-173 á ensku) og LBE-167. Eftirfylgni frávika í daglegu eftirliti í sláturhúsum skal vera í samræmi við LBE-166 (LBE-173).

8. Sérstakt áhættuefni og aðrar aukaafurðir dýra

Reglugerð 2017/625/EB gr. 18(v) og reglugerð 2019/627/EB 7. gr. 1 og 3(d), og 29. gr. Reglugerð 1069/2009/EB (674/2017) um aukaafurðir dýra sem ekki eru ætlaðar til manneðis

Reglugerð 999/2001 (41/2012) um smitandi heilahrörnun V. Viðauki

Samkvæmt skilgreiningu á sérstöku áhættuefni í V. Viðauka Reglugerðar EB 999/2001 er sérstakt áhættuefni ekki að finna í alifuglum.

9. Prófanir á rannsóknastofu

Reglugerð EB 2019/627 37. gr.

Reglugerð EB 2073/2005 um örverufræðileg viðmið fyrir matvæli.

9.1. Framkvæmd

Hd/ed skal tryggja að sýnataka fari fram reglulega skv. reglugerð nr. 135/2010 (2073/2005/EB), eftirlitsáætlunum MAST eða fyrirætlunum frá viðkomandi sérgreinadýralæknum. Athuga þarf hvort taka þarf sýni vegna;

- a. Greiningar á óleyfilegum efnum og eftirlit með reglufestum efnum samkvæmt eftirlitsáætlun MAST fyrir hvert ár.
- b. Aðrar sýnatökur samkvæmt beiðni sérgreinadýralækna svo sem sýnatökur vegna sjúkdómagreininga og vöktunar á sýklalyfjaónæmi og aðrar sýnatökur sem MAST samþykkir.

Hd/ed skal fylgjast með að sýnatökur sláturleyfishafa vegna skilyrða í reglugerð 135/2010 (EB 2073/2005) fari rétt fram skv. leiðbeiningum „Reglugerð um örverufræðileg viðmið, Apríl 2012“ (ath ný uppfærsla væntanleg haust 2021), bls. 15 – 20 (Viðauki I) varðandi framkvæmd og bls. 4 – 5 varðandi tíðni. Einnig skal skoða niðurstöður sömu sýnatöku og kanna viðbrögð og úrbætur sláturleyfishafa vegna þeirra sé þess þörf.

9.2. Ákvarðanir

Gerð er athugasemd/frávíkaskýrsla ef sláturleyfishafi tekur ekki sýni skv. áætlun og bregst ekki við niðurstöðum eða viðbrögð skila ekki árangri yfir ákveðin tíma.

Ef viðbrögðum við frávikum/athugasemdum/frávíkaskýrslum, þar sem það á við, er ekki sinnt skal eftirfylgni framkvæmd skv. kafla 1.5.2 í eftirlitshandbók fyrir matvæli úr dýraríkinu, LBE-008.

9.3. Skráning og vistun skjala

Hd/ed skal merkja í lið 8 á dagskýrslu hafi hann tekið sýni.

Hd/ed skal skrá niðurstöður úr eftirliti í viðeigandi reiti undir lið 9 í dagskýrslu.. Nota skal sambærilegt mat og er í eftirlitshandbók (LBE-008). Ef skráð er frávik F eða alvarlegt frávik A skal skrifa frávíkaskýrslu EBL-066 og skal tilvísun í númer hennar skráð fyrir framan skoðunaratriði. Frávíkaskýrsla skal afhent sláturhússtjóra.

Dagskýrslur (gátlistar) skulu vistaðar á skrifstofu hd/ed í sláturhúsi, í möppu merktri „Dagskýrslur“ eða á rafrænu formi í möppu merktri „Dagskýrslur“ í tölvu hd/ed í sláturhúsi. Frávíkaskýrslur skulu vistaðar í málakerfi MAST sbr. LBE-166 (LBE-173 á ensku) og LBE-167. Eftirfylgni frávika í daglegu eftirliti í sláturhúsum skal vera í samræmi við LBE-166 (LBE-173).

10. Sérkröfur markaðsvæða

10.1. Framkvæmd

Engar sérkröfur eru í gildi í dag fyrir alifuglasláturhús.

11. Aðstoðarfólk

Verkefni:

Skoðun sláturafurða eftir slátrun undir leiðsögn hd/ed.

Ábyrgð:

Taka frá/merkja afurðir sem eru afbrigðilegar.

Ef verkefnum hefur verið úthlutað til aðstoðarfólks skal það skráð undir lið 11 á dagskýrslu hvaða verkefnum hefur verið úthlutað til hans.

12. Heilbrigðisskoðun sláturfurða

Reglugerð 2019/627/EB 3. þáttur II. kafla III. bóls (sérstaklega 25. gr.)

Lög nr. 93/1995 um matvæli

Lög nr. 144/2019 um breytingu á ýmsum lögum um matvæli (einföldun regluverks og EES-reglur)

Við ákvarðanir um hvort sláturfurðir skuli dæmdar óhæfar til manneldis skulu hd/ed taka mið af eftirfarandi:

12.1. Skoðun, sýnataka og mat

Við skoðun á alifuglum skal fyrst skoða skrokkinn að utan, haus, háls, vængi og lappir. Sérstaklega skal beina athygli að því hvort merki um húðkvilla séu sýnileg, hvort um húðblæðingar, sár, ígerðir, beinbrot, beinasjúkdóma, vöðvarýrnun, liða- og sinaskeiðabólgu, æxli eða sníkjudýr sé að ræða. Enn fremur hvort skrokkur hafi óhreinkast, hamur rifnað eða hitaverpst við sláturverkun.

Aðgæta skal hjarta, lifur, milta, fóarn, maga og garnir. Ennfremur skal skoða lífhimnu og loftpoka og hvort nokkurs staðar sé að finna óeðlilega lykt af skrokk og líffærum eða merki um bólgu, blæðingar eða annað sem gæti gefið til kynna að um sjúklegt ástand væri að ræða.

Ef dýralæknir eða fulltrúi hans telur ástæðu til er skylt að taka sýni til sýkla eða efnarannsóknar. Best er að senda grunsamlega fugla í heilu lagi eða hluta af þeim ásamt líffærum ef heppilegra er talið. Öll sýni skulu vera vandlega kæld og pökkuð, greinilega merkt ásamt upplýsingum um sjúkdóm eða grun um sjúkdóm.

Til að fá fyllri vitneskju um hreinsun og hreinlæti er heimilt að taka sýni af vinnuborðum, áhöldum, vatni og öðru sem ástæða er til hverju sinni.

Áður en slík sýni eru send, skal hafa samráð við rannsóknastofuna um fyrirhugaða rannsókn og haga töku sýna í samræmi við leiðbeiningar rannsóknarmanns.

Ganga skal frá öllum sendingum á þann veg að þær spillist ekki í flutningi og þess skal gætt að ekki sé hætt á smitdreifingu frá slíkum sendingum vegna vanbúnaðar. Sláturleyfishafa ber að greiða þann kostnað, sem sýnatöku og rannsókn kann að fylgja.

Við heilbrigðisskoðun á alifuglum skal beina athygli að því hvort fuglar hafi óhreinkast eða skaddast við sláturmeðferð, holdafari þeirra og útliti en þó einkum að því hvort sjúklegar breytingar sé að finna á skrokk eða líffærum.

Afurðir af vel útlítandi, heilbrigðum fuglum, sem fengið hafa hreinlega meðferð við slátrun og sem eru án verulegra galla, skal dæma hæfa til manneldis og frjálsrar sölumeðferðar. Afurðir af fuglum sem við skoðun reynast haldnir sjúkdómum, sem hafa haft skaðleg áhrif á hollustu, gæði og útlit afurða, skulu dæmdar óhæfar til manneldis. Sama máli gegnir þó að um staðbundna sjúkdóma sé að ræða, ef eigi er unnt að fjarlægja hina sjúku hluta eða líffæri á tryggilegan hátt. Fugla sem óhreinkast hafa verulega eða mengast við slátrun þannig að varhugavert verður að teljast, skal einnig dæma óhæfa til manneldis. Afurðir fugla sem eru mjög horaðir eða vita holdlausir, þó að ástæða þess sé ekki ljós, skal einnig dæma óhæfa til manneldis.

Hér á eftir fylgir bein tilvitnun í 25. gr. 2019/627/EB varðandi kröfur til skoðunar á alifuglum eftir slátrun. Greinin er leiðbeinandi varðandi framkvæmd skoðunar eftirlitsdýralækna eftir slátrun. Að auki fylgir bein tilvitnun í 45. gr. sömu gerðar en þar koma fram skilyrði varðandi hvenær opinber eftirlitsdýralæknir skal dæma nýtt kjöt óhæft til manneldis.

25. gr.

Hagnýtt fyrirkomulag við skoðun á alifuglum eftir slátrun

1. Allir alifuglar skulu settir í skoðun eftir slátrun sem getur falið í sér aðstoð frá starfsfólki sláturhússins í samræmi við 3. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Opinber dýralæknir eða opinber aðstoðarmaður, í samræmi við c-lið 2. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar, skal persónulega inna af hendi eftirfarandi athuganir:

- a) daglega skoðun á innnyflum og líkamsholum á dæmigerðu úrtaki úr hverjum hóp,
- b) nákvæma skoðun á slembiúrtaki úr hlutum fugla eða heilum fuglum úr hverjum hóp sem dæmdir hafa verið óhæfir til manneldis að lokinni skoðun eftir slátrun,
- c) hvers kyns aðrar nauðsynlegar rannsóknir ef ástæða er til að gruna að kjöt af viðkomandi fuglum geti verið óhæft til manneldis.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er lögbærum yfirvöldum heimilt að ákveða að einungis skuli setja dæmigert úrtak alifugla úr hverjum hóp í skoðun eftir slátrun ef:

- a) stjórnendur matvælafyrirtækja eru með kerfi fyrir hendi, sem er fullnægjandi að mati opinbers dýralæknis, sem gerir það kleift að greina og aðskilja fugla sem eru afbrigðilegir, smitaðir eða gallaðir,
- b) sláturhúsið á sér langa sögu um fylgni við kröfur að því er varðar:
 - i. almennar og sértækar kröfur í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004, þ.m.t. örverufræðilegar viðmiðanir sem gilda varðandi liði 1.28 og 2.1.5 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005,
 - ii. verklagsreglur sem byggjast á meginreglum um greiningu á hættu og mikilvæga stýristaði (HACCP) í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004 og iii. sérstakar reglur um hollustuhætti í samræmi við 5. gr. og II. þátt III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- c) ekkert afbrigðilegt sem gæti bent til alvarlegra vandræða fyrir heilbrigði manna eða dýra, sem getur bent til þess að þörf sé á ráðstöfunum sem mælt er fyrir um í 40. til 44. gr., hefur komið í ljós við skoðun fyrir slátrun eða við sannpröfun á upplýsingum um matvælaferlið.

3. Ef um er að ræða alifugla sem eru aldir til framleiðslu á foie gras (fituríkri lifur) og alifugla sem töf hefur orðið á að fjarlægja innnyflin úr sem voru fengnir á upprunabúi í samræmi við 8. og 9. lið VI. kafla í II. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 skal skoðun eftir slátrun fara fram á stykkjunarstöðinni ef slíkir skrokkar eru fluttir þangað beint frá upprunabúinu.

45. gr.

Ráðstafanir í tilvikum þar sem ekki er farið að kröfum varðandi nýtt kjöt

Opinber dýralæknir skal dæma nýtt kjöt óhæft til manneldis ef það:

a) er af dýrum sem hafa ekki verið sett í skoðun fyrir slátrun í samræmi við a- eða b-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, að undanskildum villtum veiðidýrum og flækingshreindýrum sem um getur í b. lið 1. mgr. 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/624,

b) er af dýrum þar sem sláturmaturinn hefur ekki verið settur í skoðun eftir slátrun í samræmi við c-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 nema ef um er að ræða innfyli úr stórum, villtum veiðidýrum sem þurfa ekki að fylgja skroknum á starfsstöð sem meðhöndlar veiðidýr í samræmi við 4. lið II. kafla IV. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

c) er af dýrum sem eru dauð þegar þau koma til slátrunar, hafa fæðst dauð, eru dauð í móðurlífi eða þeim hefur verið slátrað áður en þau verða 7 daga gömul,

d) fellur til við snyrtingu stungusára,

e) er af dýrum sem eru sýkt af dýrasjúkdómum sem mælt er fyrir um dýraheilbrigðisreglur fyrir í löggjöf Sambandsins sem er skráð í I. viðauka við tilskipun 2002/99/EB nema það sé fengið í samræmi við sértæku kröfurnar sem kveðið er á um í þeirri tilskipun; þessi undanþága gildir ekki ef kveðið er á um annað í kröfum vegna opinbers eftirlits með berklum og öldusótt sem kveðið er á um í 33. og 34. gr. þessarar reglugerðar,

f) er af dýrum sem eru sýkt af útbreiddum sjúkdómi, s.s. útbreiddu sýklablæði, blóðigerð, blóðeitrun eða veirudreyra,

g) er ekki í samræmi við matvælaöryggisviðmiðanir sem mælt er fyrir um í I. kafla I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 til að ákvarða hvort setja megi matvæli á markað,

h) sýnir merki um sníkilsýkingu, nema kveðið sé á um annað í kröfum varðandi opinbert eftirlit með bandormslirfusýki sem kveðið er á um í 30. gr.,

i) inniheldur leifar íðefna eða aðskotaefni umfram þau gildi sem mælt er fyrir um í reglugerðum (ESB) nr. 37/2010, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1881/2006 og (EB) nr. 124/2009 eða leifar efna sem eru bönnuð eða óleyfileg samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 37/2010 eða tilskipun 96/22/EB,

j) samanstendur af lifur og nýrum dýra, sem eru eldri en tveggja ára, frá svæðum þar sem framkvæmd áætlana, sem voru samþykktar í samræmi við 5. gr. tilskipunar 96/23/EB, hafa leitt í ljós að þungmálmur eru útbreiddir í umhverfinu,

k) hefur verið meðhöndlað á ólögmetan hátt með afmengandi efnum,

l) hefur verið meðhöndlað á ólögmetan hátt með jónandi geislum, þ.m.t. útfjólublá geislun,

m) inniheldur aðskotahluti nema, þegar um er að ræða villt veiðidýr, efni sem notað er til að veiða dýrið,

n) fer yfir leyfð hámarksgildi fyrir geislavirkni sem mælt er fyrir um samkvæmt löggjöf Sambandsins eða, ef löggjöf Sambandsins er ekki fyrir hendi, samkvæmt landsbundnum reglum,

o) gefur til kynna meinafræðilegar eða skynmatslegar breytingar, einkum áberandi kynlykt eða ófullnægjandi blæðingu (nema um sé að ræða villt veiðidýr),

p) er af mögrum dýrum,

q) inniheldur sérstakt áhættuefni nema heimilt sé að fjarlægja það í annarri starfsstöð í samræmi við lið 4.3 í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 og nýja kjötið verður áfram undir stjórn lögbærra yfirvalda,

r) sýnir merki um óhreinindi, saurmengun eða aðra mengun,

s) inniheldur blóð sem getur skapað hættu fyrir heilbrigði manna eða dýra vegna heilbrigðisástands dýrsins sem það er úr eða vegna mengunar sem verður við slátrunarferlið,

t) getur skapað áhættu fyrir heilbrigði manna eða dýra samkvæmt áliti opinbera dýralæknisins eftir að allar viðeigandi upplýsingar hafa verið skoðaðar eða það hentar ekki til manneldis af öðrum ástæðum, u) veldur tiltekinni hættu í samræmi við 29. til 36. gr.